

148. Fundur Kirkjugarðaráðs var haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 12. febrúar 2018.

Fundinn sátu: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður sem stjórnaði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Dagskrá:

1. *Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.*

Frestað til næsta fundar.

2. *Hlutverk kirkjugarðasjóðs út frá lögum og reglum.*

Gestur Jónsson lögmaður skýrði úthlutunarreglur Kirkjugarðasjóðs sbr. 39. gr til 41. gr. laga nr. 36/1993. Rætt var um samning ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og vanefndir ríkisins á honum. Ákveðið var að fá Gest Jónsson hæstaréttarlögmaður til að skoða möguleika þess að finna leiðir fyrir Kirkjugarðaráð að sækja það framlag sem sjóðurinn hefur orðið af undanfarinn áratug og fylgja málinu eftir.

3. *Kynning á umsóknum um styrki úr kirkjugarðasjóði 2018.*

Guðmundur Rafn kynnti.

4. *Greiðslu- og fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2018.*

Guðmundur Rafn kynnti. Samþykkt var að lækka framlag í Kirkjugarðasjóð um ½% í 8% en greiðslu- og fjárhagsáætlun var samþykkt að öðru leyti. Lækka því tekjur kirkjugarðasjóðs um kr. 5.576.000.-

5. *Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2018.*

Úthlutun var frestað til næsta fundar sem verður haldinn 12. mars og ákveðið að leita umsagnar ráðuneytisins um hvort heimilt sé að bregðast við bágrri stöðu grafarsjóðs og veita verulegu fjármagni úr sjóðnum til hans. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skrifa ráðuneytinu.

6. *Skipting framlags til kirkjugarða árið 2018 og einingarverð vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar.*

Kynningu frestað en heimilt er að greiða næstu greiðslu samkvæmt gjaldskrá 2017.

7. *Fundur KGSÍ með ráðherra.*

Dagskrárlið frestað.

8. Önnur mál.

Ekkert undir þessum lið. Fundi slitið kl. 17:00

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari